



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Áhrif frumbersku á tengslamyndun í framtíðinni

Hafdís Þorsteinsdóttir

Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Janúar 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Áhrif frumbersku á tengslamyndun í framtíðinni

Hafdís Þorsteinsdóttir

271257-7169

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Janúar 2014

Áhrif frumbersku á tengslamyndun í framtíðinni

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Hafdís Þorsteinsdóttir 2014

Prentun: Prentsmiðja Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaritgerð til BA prófs við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Markmið þessarar ritgerðar var að skoða tengslamyndun. Spurningin er: Hvernig gengur börnum sem hafa alist upp við misbrest og óörugg tilfinningatengsl við umönnunaraðila að tengjast öðrum einstaklingum nánum tilfinningasamböndum þegar þau verða uppkomin? Fyrst var tengslamyndun barna við umönnunaraðila sína í frumbersku skoðað. Síðan var skoðað þegar barnið er uppkomið og fer að tengjast öðrum en upprunafjölskyldu sinni tilfinningatengslum. Helstu niðurstöður leiddu í ljós að misbrestur í uppeldi og óörugg tengslamyndun í æsku getur orsakað samskonar tengslamyndun á fullorðinsárum. Einstaklingur sem fengið hefur örugga tengslamyndun á mun auðveldara með að tengjast öðrum tilfinningasambandi. Fyrir þann einstakling er það auðvelt og eðlilegt. En þeir sem hafa þróað óörugg tengsl vegna misbrest í uppeldi, hvort sem vegna obeldis eða vanrækslu, getur komið fram svipað tengslamynstur og þeir höfðu þróað í æsku. Ritgerðin er fræðileg samantekt þar sem stuðst var við rannsóknir, bækur og ritrýndar greinar ásamt íslenskum tölulegum upplýsingum.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 ECTS - eininga lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Ég vil þakka sjálfri mér fyrir að láta langþráðann draum rætast að fara í Háskólanám. Einnig þakka ég leiðbeinanda mínum, Freydísi J. Freysteinsdóttur dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, fyrir góðar og gagnlegar ábendingar. Sérstaklega vil ég þakka Sóley Ósk Elíadóttur fyrir prófarkalestur og stuðning. Að lokum vil ég þakka syni mínum Róberti Ara Hafdísarsyni fyrir hvatninguna, skemmtilegar umræður og ábendingar á meðan á vinnslu verksins stóð.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
Efnisyfirlit	5
Inngangur	6
1 Skilgreiningar	8
1.1 Vanræksla	8
1.2 Ofbeldi.....	9
1.3 Tíðni	10
2 Misbrestur á uppeldi á börnum	12
2.1 Afleiðingar.....	12
2.2 Áhætta	13
2.3 „Vanræksla vanrækslu“	14
3 Tengslakenningin	16
3.1 John Bowlby.....	16
3.2 Mary Ainsworth	17
3.3 Framandi aðstæður.....	17
3.4 Orsakir ólíkrar tengslamyndunar	19
3.5 Virkt innra líkan.....	20
4 Áhrif tengslamyndunar	22
4.1 Barnið uppkomið	22
4.2 Ástarsambandið	24
4.3 Stuðningur maka.....	25
5 Fjölskyldumiðuð félagsráðgjöf	28
6 Niðurstöður	30
7 Umræða	33
Heimildaskrá	34

Inngangur

Æskan er mikilvægt tímabil í lífi hvers einstaklings, þá myndast grunnurinn að framtíðinni. Algennt er að einstaklingar sem eiga við erfiðleika að glíma á fullorðinsárum hafi átt erfiða æsku, til dæmis upplifað ofbeldi eða vanrækslu á fyrstu árum ævinnar þegar þroskinn er sem mest í mótun. Samkvæmt Miller-Perrin og Perrin (2007) eru meiri líkur á að börn sem alast upp við slíkar aðstæður hljóti vitsmunalegan-, félagslegan- sem og líkamlegan skaða vegna þessa.

Í þessari ritgerð er farið yfir misbresti í uppeldi á börnum og skoðað hvaða áhrif sú reynsla hefur á tengslamyndun þeirra í framtíðinni. Áherslan verður lögð á hvaða áhrif tengslamyndun barna frá byrjun æviskeiðsins, hvort sem þau eru góð eða slæm, hefur á tengslamyndun í tilfinningasamböndum þegar börnin verða uppkomin og fara að tengjast öðrum, til dæmis í ástarsamböndum.

Margt bendir til þess að tengslamyndun og misbrestur í aðbúnaði í æsku hafi áhrif á börn síðar á ævinni. Börn sem upplifa snemma á unga aldri tilfinningalega vanrækslu virðast vera í sérstakri hættu á að upplifa tengslavandamál í framtíðinni (Hildyard og Wolfe, 2002). Vanræksla barna hefur fengið minni athygli en aðrar tegundir misbrests í aðbúnaði vegna erfiðleika við að skilgreina þessa tegund misbrests í uppeldi. Að skilgreina líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi barna liggur beinna við og leyfir ekki jafn mikla túlkun eins og vanrækslan (Graham & Zielinski, 2005; Miller-Perrin og Perrin, 2007; Osofsky, 2003; Schneider, Ross, Graham og Zielinski, 2005).

Ritgerðin er heimildaritgerð byggð á ritrýndum fræðigreinum og verður hún tengd við kenningarlegan grunn og starfsvettvang félagsráðgjafa. Við gagnaöflun voru nýttir gagnagrunnar á veraldarvefnum, fagbækur sem og skýrslur opinberra stofnanna. Reynt verður að svara eftirfarandi spurningu: Hvernig gengur börnum, sem hafa alist upp við misbrest í uppeldi og óörugg tilfinningatengsl við umönnunaraðila, að tengjast öðrum einstaklingum nánum tilfinningaböndum þegar þau verða uppkomin?

Í fyrsta kafla verður farið lauslega yfir skilgreiningar á misbresti í uppeldi á börnum. Skoðað verður SOF skilgreiningar- og flokkunarkerfi sem barnaverndarnefndir á Íslandi nota þegar verið er að fjalla um og fara yfir barnaverndarmál (Freydís Jóna

Freysteinsdóttir, 2012). Einnig verða megin þættir misbrests í uppeldi skoðað, það er vanræksla og ofbeldi. Ásamt því verður tíðni misbrests í uppeldi skoðuð.

Annar kafli fjallar um afleiðingar og áhættuþætti varðandi misbrest á uppeldi barna og síðan verður sérstaklega fjallað um tilfinningalega vanrækslu og tilfinningalegt ofbeldi í því samhengi.

Í þriðja kafla er meðal annars John Bowlby og tengslakenning hans skoðuð, en hann er talinn upphafsmaður hennar. Einnig verður farið yfir rannsókn Mary Anisworth sem kallaðist „Framandi aðstæður“ (e. Strange Situation) þar sem hún kannaði hvernig barn mótast við örugg eða óörugg tengsl við umönnunaraðila. Anisworth starfaði með Bowlby um tíma og útfærði tengslakenningu hans.

Fjórði kafli er um hvaða áhrif tengslamyndun barns í uppeldinu hefur á tengslamyndun þegar barnið verður uppkomið og byrjar að mynda tilfinningatengsl við aðra en upprunafjölskyldu sína.

Í fimmta kafla er farið í hlutverk félagsráðgjafa og hvað þeir þurfa að skoða til að aðstoða við bataferli einstaklinga sem hafa ekki örugg tilfinningatengsl við sína nánustu.

Að lokum verður farið yfir þær upplýsingar sem fengist hafa og verið lagðar fram með skrifunum. Ásamt því koma fram vangaveltur höfundar þeim tengdum.

1 Skilgreiningar

Barnaverndarstofa notar skilgreiningar- og flokkunarkerfið (SOF) til að skilgreina ofbeldi og vanrækslu gegn börnum. Freydís Jóna Freysteinsdóttir vann að gerð SOF kerfisins, sem var tilraunaverkefni árið 2004. Kerfið byggir meðal annars á bandarískri fyrirmynd, sænska skilgreiningar- og flokkunarkerfinu og verkum tveggja fræðikvenna, þeim Coohy og Glaser. Nokkur sveitarfélög voru þátttakendur í tilraunaverkefninu og var SOF kerfið tekið í notkun af barnaverndarstarfsmönnum á landinu öllu árið 2005. SOF er notað til að flokka og skilgreina barnaverndartilkynningar sem berast. Samvinna er á milli allra barnaverndarnefnda á Íslandi svo samræmi sé í skráningu barnaverndarmála og tekið sé á málum með svipuðum hætti (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). SOF kerfið skiptist í tvo aðalhluta, annars vegar þar sem barn er þolandi og hins vegar áhættuhegðun barna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Hér á eftir verður farið yfir helstu atriðin í skilgreiningunni á vanrækslu og ofbeldi. Umfjöllunin er þó ekki tæmandi samkvæmt skilgreiningakerfi SOF. Hér verður einnig farið yfir tíðni, eins og fjölda tilkynninga vegna barna fyrstu sex mánuði ársins 2013 borið saman við fyrstu sex mánuði árið 2012.

Freydís Jóna (2012) vill meina að þegar fjallað er um ofbeldi eða vanrækslu á börnum er oftast fjallað um viðvarandi mynstur fremur en einstaka atburði.

1.1 Vanræksla

„Vanræksla felur í sér skort á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns“ (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003, bls 183). Samkvæmt Freydísi (2012) hefur vanræksla fjórar birtingarmyndir sem eru:

Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit: Foreldri skilur barnið eftir eitt þegar það hefur ekki náð nægilegum þroska eða aldri til að vernda sig sjálft í aðstæðunum. Barnið er skilið eftir hjá óhæfum aðila eða hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi. Barnið er vanrækt ef foreldrarnir eru í vímuefnaneyslu og barninu stafar hætta af ástandi foreldra sinna.

Vanræksla varðandi nám: Foreldrar skrá barn ekki í skóla né fylgjast með því hvort barnið sinni námi sínu. Þau sjá ekki til þess að barnið hafi þau gögn sem þarf að nota í

skólanum. Einng telst það vanræksla varðandi nám ef skólinn hefur bent á að sérfræðiaðstoðar sé þörf fyrir barnið en foreldrarnir sinna því ekki.

Líkamleg vanræksla: Barn fær ítrekað ekki nóg að borða, ekki nógu hollan mat sem gæti valdið næringarskort eða offitu hjá barni, húsnæði vantar eða er ófullnægjandi, klæðnaður er ábótavant. Einnig telst til vanrækslu að baða ekki barn svo það lyktar. Að auki telst það vanræksla ef barnið fær ekki þá heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast eins og tannlæknaþjónustu eða alvarlegum sjúkdómum er ekki sinnt.

Tilfinningaleg vanræksla: Foreldrar sinna ekki tilfinningalegum þörfum barnsins eins og að sinna ungabarni seint og illa þegar það grætur. Tilfinningaleg vanræksla getur komið fram í skorti á eðlilegri tengslamyndun foreldris við barnið. Foreldrar sýna tilfinningalega vanrækslu með því að styðja ekki nóg við hugrænan þroska barns eða örva ekki tilfinningaþroska þess. Foreldrar vanrækja félagsþroska barns eða stuðla að því að barnið verði félagslega einangrað og mun eiga erfitt með að eignast vini meðal jafnaldra sinna. Tilfinningaleg vanræksla getur einnig komið fram í því að barn fær ekki nægilegan aga, eru ekki sett nauðsynleg mörk eða foreldri virðir ekki barn viðlits.

1.2 Ofbeldi

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2003, bls. 183) skilgreinir ofbeldi á þennan hátt: „Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris, forsjáraðila eða annars aðila, sem leiðir til eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns.“ Samkvæmt Freydísi (2012) hefur ofbeldi fjórar birtingarmyndir, þær eru:

Tilfinningalegt ofbeldi: Foreldri getur beitt barn tilfinningalegu ofbeldi með því að sýna viðvarandi neikvæðar tilfinningar og neikvætt viðhorf til barns. Ef foreldri kemur fram við barn á niðurlægjandi hátt með því að vera ítrekað að setja út á barnið, útlit þess, skap, heimalærdóm og heimilisstörf er um tilfinningalegt ofbeldi að ræða. Einnig ef foreldri notar neikvæð orð eins og fífl, asni og hálfviti þegar talað er við barnið. Þegar foreldri setur of mikla ábyrgð á barnið eins og að aðstoða við erfiðleika foreldris þá er um tilfinningalegt ofbeldi að ræða. Ein af birtingarmyndum tilfinningalegs ofbeldis er þegar barn verður vitni að ofbeldi innan fjölskyldunnar.

Líkamlegt ofbeldi: Foreldri meiðir barn viljandi, eins og að kýla eða sparka í það, eða með því að slá ungabarn utan í vegg. Áverkar geta bæði verið sýnilegir eða verið innvortis meiðsli sem eru ekki sýnileg en fagaðili getur greint.

Kynferðislegt ofbeldi: Felur í sér að foreldri lætur barn sinna sínum eða annarra kynferðislegu þörfum. Einnig ef foreldrið eða aðrir eru með kynferðislegar athugasemdir og misbýður þannig barninu.

Heilsa eða líf ófædds barns er í hættu: Verðandi móðir nærir sig ekki, er í vímuefnaneyslu eða ofneyslu áfengis, sinnir ekki eftirliti á meðgöngu eða verður fyrir ofbeldi í parsambandi.

1.3 Tíðni

Fyrstu sex mánuði ársins 2013 varð aukning á tilkynningum til barnaverndarnefnda um tæplega 5% frá árinu áður. Fjöldi tilkynninga var 4.264 en á sama tímabili árið á undan voru tilkynningarnar 4.066. Hlutfall tilkynninga vegna vanrækslu var 36,6%, áhættuhegðun barna var 35,6%, tilkynningar vegna ofbeldis var 26,9%, en vegna ófædds barns 0,8%. Á þessum tölum má sjá að flestar tilkynningarnar voru vegna vanrækslu. Í 9,3% tilfella vanrækslutilkynninga voru foreldrarnir í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu. Drengir voru í herra hlutfalli tilkynninga en stúlkur, eða í 53,9% tilfella (Barnaverndarstofa, 2013).

Heildartilkynningarnar á höfuðborgarsvæðinu árið 2013 voru 68,4% á móti 31,6% á landsbyggðinni. Eftirfarandi tafla sýnir hlutföllin á milli ára (Barnaverndarstofa,2013).

Tafla 1. Fjöldi tilkynninga

	Fyrstu 6 mán. 2012			Fyrstu 6 mán. 2013		
	Fjöldi	Hlutfall	Börn	Fjöldi	Hlutfall	Börn
Höfuðborgarsvæði	2.853	70,2	2.404	2.915	68,4	2.333
Landsbyggðin	1.213	29,8	1.055	1.349	31,6	1.185
Samtals	4.066	100	3.459	4.264	100	3.518

Þetta eru aðeins tilkynningar og ekki búið að taka ákvörðun um hvort málin verði barnaverndarmál eða ekki. Eins og sést í töflu 1 þá voru 3.518 tilkynningar fyrstu sex mánuði ársins 2013, en fyrstu sex mánuði ársins 2012 voru 3.459 tilkynningar. Fleiri en

ein tilkynning getur borist um hvert barn, svo að einstaklingarnir eru ekki eins margir og tilkynningarnar segja til um (Barnaverndarstofa, 2013).

Gott er að skoða tilkynningarnar á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar í samhengi við búsetu landsmanna. Eftirfarandi tafla sýnir búsetu landsmanna annarsvegar á höfuðborgarsvæðinu og hinsvegar á landsbyggðinni. Einnig kemur fram fjöldi barna á hvoru svæði fyrir sig. Eins og taflan sýnir eru börn á aldrinum 0-18 ára á höfuðborgarsvæðinu um 16% af heildarfjölda landsmanna en 9% barna á aldrinum 0-18 ára búa á landsbyggðinni (Hagstofa Íslands, e.d.).

Tafla 2. Mannfjöldi á Íslandi 1. janúar 2013

	Fjöldi	Hlutfallslega
Búsettir á höfuðborgarsvæðinu	205.675	64%
Búsettir á landsbyggðinni	116.182	36%
Heildarfjöldi	321.857	100%
Þar af börn 0-18 ára		
Börn búsett á höfuðborgarsvæðinu	50.192	16%
Börn búsett á landsbyggðinni	29.566	9%

Að lokum má geta þess að tilkynningar vegna tilfinningalegrar vanrækslu voru 3,1% árið 2013 af þeim 36,6% hlutfalli tilkynninga sem bárust vegna vanrækslu. Tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis voru 12,7% af þeim 26,9% tilkynninga er vörðuðu ofbeldi og þar af 5,6% vegna heimilisofbeldis (Barnaverndarstofa,2013).

2 Misbrestur á uppeldi á börnum

Hér verður fjallað um hvaða afleiðingar það hefur fyrir börn að verða fyrir misbresti á uppeldi í æsku og hvaða áhættuþættir eru taldir geta orsakað misbrest á uppeldi barna. Einnig verður ítarlegri umfjöllun um vanrækslu og tilfinningalegt ofbeldi. Fræðimenn hafa fjallað um „að vanrækja vanrækslu“ (e. neglect of neglect), það er vanrækslan hafi lágan forgang þegar litið er á rannsóknir misbrests í aðbúnaði barna almennt (Polonko, 2006).

2.1 Afleiðingar

Þótt rannsóknir sýni að allar tegundir misbrests í uppeldi á börnum geti leitt til afdrifaríkra afleiðinga fyrir börn, þá geta mismunandi tegundir misbrests í uppeldi haft mismunandi afleiðingar. Líkamleg vanræksla hefur til dæmis fremur áhrif á vitræna starfsemi og námsárangur, meðan barn sem hefur orðið fyrir líkamlegu ofbeldi sýnir fremur árásarhneigð og ofbeldi gagnvart öðrum síðar meir (Polonko, 2006).

Afleiðingar ofbeldis og vanrækslu geta komið fram í ýmiskonar röskunum á tilfinningalegum þroska. Börn geta búið til varnir gegn sársauka, ótta, óvissu, tortryggni, reiði, skömm og einmanaleika til að hafa einhverskonar stjórn á lífi sínu. Þau geta myndað brynju til að stjórna tilfinningum sínum og persónuleiki þeirra getur breyst í leiðinni. Þrátt fyrir slíkar varnaraðferðir geta brotist fram ýmis einkenni, til dæmis kvíði, þunglyndi og fíkniefnamisnotkun (Massie og Szajnberg, 2006). Afleiðingarnar geta verið innhverfar, sem er algengara hjá stúlkum, eða úthverfar sem koma oftast fram hjá drengjum. Úthverf vandkvæði koma fram í hegðunarvandkvæðum en innhverf vandkvæði geta til dæmis brotist fram í kvíða (Freydis Jóna Freysteinsdóttir, 2004).

Afleiðingar vegna misbrests í uppeldi geta komið fram í lélegri sjálfsvirðingu, einstaklingurinn getur haft litla trú á getu sinni og tækifærum í lífinu og óttast nán tengsl vegna ótta við höfnun. Kvíði getur komið fram af engu eða litlu tilefni eða vegna þess sem koma skal í framtíðinni. Þunglyndi, vonleysi, uppgjöf og sjálfsvígshugleiðingar geta komið fram, sem í sumum tilvikum geta leitt til sjálfsvígs. Áfengis og fíkniefnaneysla getur verið notuð til að deyfa og afneita tilfinningum. Afleiðing vegna misbrests í uppeldi getur einnig komið fram í félagslegri einangrun þar sem börn vilja ekki bjóða vinum

sínum heim því þau vita ekki hvað tekur á móti þeim þegar heim er komið (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

2.2 Áhætta

Félagsstaða foreldra er einn þáttur sem virðist hafa áhrif á að barn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu. Núverandi gögn gefa til kynna að börn sem eiga foreldra sem hafa lágar tekjur, litla menntun og hafa þurft opinbera aðstoð í langan tíma séu líklegri til að verða fyrir misbresti í uppeldi (Newman og Grauerholz, 2002). En varast verður að draga þá ályktun að misbrestur í uppeldi á börnum sé einskorðuð við einstaklinga af lægri stéttum. Þeir foreldrar sem hafa hærra tekjur, gætu vel verið betur í stakk búnir til að fela misbrest í aðbúnaði barna sinna, þar sem þeir eru líklegri til að búa í sérbýlum og ólíklegri til að nota opinbera þjónustu þar sem aðrir geta rýnt í líf þeirra (Newman og Grauerholz, 2002).

Samkvæmt kenningum Cerezo (1997) eru hegðunarerfiðleikar barns og samskipti þess við foreldra eða sérstakar aðstæður foreldra meðal þeirra þátta sem geta leitt til ofbeldis á börnum. Krefjandi hegðun barns getur aukið líkur á að það verði beitt ofbeldi. Suma uppaldur skortir færni til að stjórna börnum, sem geta verið pirrandi, rifrildisgjörn, ögrandi eða hefnigjörn sem gæti leitt til ofbeldis-samskipta. Miller-Perrin og Perrin (2007) telja að þessi erfiðu hegðunarmynstur foreldris og barns geti haft áhrif á tengslamyndun á milli þeirra á fyrstu árum barnsins. Barn getur fæðst með tiltekin einkenni eins og erfitt skapferli eða líkamlega fötlun og samkvæmt tengslakenningunni geta þessi einkenni truflað þróun öruggra tengsla milli barns og foreldris. Sem síðan getur leitt til frekari vandamála í hegðun barnsins og ýtt undir þá erfiðleika sem foreldrið mætir. Vandamálin geta stigmagnast og að lokum leitt til líkamlegs ofbeldis þegar erfiðleikarnir verða of miklir fyrir foreldrið til að takast á við og þeirra þolmörk bresta (Cerezo, 1997; Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Mikilvægt er að taka fram að hegðun barnsins ætti aldrei að vera notuð sem afsökun fyrir ofbeldi fullorðinna. Þegar fullorðinn einstaklingur veldur meiðslum á barni er sá aðili ábyrgur fyrir þeirri hegðun. Börn geta ekki borið ábyrgð á ofbeldi eða vanrækslu sem þau verða fyrir. Lög hafa verið sett sem gilda um hegðun fullorðinna og þau veita ekki fullorðnum einstaklingum rétt til að valda líkamlegum meiðslum á börnum sem eru erfið. Auk þess er mikilvægt að muna að þótt áhættuþættir sem

tengjast barni séu mikilvægir þá eru þeir aðeins nokkrir þættir af mörgum sem geta stuðlað að ofbeldi gegn barni (Miller-Perrin og Perrin, 2007; Sidebotham og Heron 2003). Þótt áhættuþættir barns auka líkur á misbresti í aðbúnaði þess, þá gegna viðhorf foreldra til barnsins mun stærra hlutverki er varðar ofbeldi sem barnið verður fyrir (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Ein af vinsælustu skýringum á ofbeldi á börnum er svokölluð hringrás ofbeldis sem vísar til þeirra tilhneigingar þolenda að verða sjálfir gerendur á fullorðinsárum. Rannsóknir benda til þess að þótt börn verði fyrir ofbeldi eða vanrækslu í uppeldinu þýði það ekki að þau verði gerendur á fullorðinsárum, en líkurnar aukast hinsvegar á ofbeldishegðun á unglingsárum sem og á fullorðinsárum (Newman og Grauerholz , 2002).

Einstaklingar gera oft ráð fyrir því að þeir foreldrar sem beiti börn sín ofbeldi séu annað hvort að misnota vímuefni eða séu sennilega með persónuleika- eða sálrænar truflanir sem geri þeim ókleift að stjórna reiði sinni. Foreldrum sem beita ofbeldi er oft lýst sem óþroskuðum einstaklingum sem ekki er hæft til að líta á börn sín sem börn (Newman og Grauerholz, 2002). Þar af leiðandi búast þeir við meiri ábyrgð og sjálfstjórn af hálfu barna sinna en þeim er fært að standa undir. Slíkt leiðir til vonbrigða, reiði og ofbeldis. Flestir sérfræðingar eru hinsvegar sammála um að þessháttar tilvik séu ekki nema smábrot þeirra tilvika sem skoðuð hafa verið (Newman og Grauerholz , 2002).

2.3 „Vanræksla vanrækslu“

Vanræksla er ekki eins viðurkennd og hún ætti að vera, en raunin er sú að það er algeng tegund af misbresti í aðbúnaði. Hið sama má segja um tilfinningalegt ofbeldi (Glaser, 2002).

Tilfinningalegt ofbeldi og vanræksla getur verið skilgreint sem samband milli forsjáraðila og barns sem einkennist af mynstri skaðlegra samskipta en það þarf ekki að fela í sér líkamleg samskipti á milli þeirra (Glaser,2002). Ólíkt líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi, sem er yfirleitt bundið við sérstakt atvik eða röð atvika, þá felur vanræksla oft í sér langvarandi aðstæður sem ekki eru eins auðveldlega skilgreindar sem tiltekin atvik (Hildyard og Wolfe, 2002).

Í rannsóknnum Hildyard og Wolfe (2002) kom fram að tilfinningaleg vanræksla ein og sér tengdist verri afleiðingum en þegar einnig átti sér stað líkamlegt ofbeldi. Hildyard og Wolfe (2002) vilja meina að þegar líkamleg snerting á sér stað í formi ofbeldis getur það verið minna skaðlegt en engin snerting.

Ýmsir fræðimenn hafa gert lítið úr tilfinningalegu ofbeldi barna á mjög svipaðan hátt og þeir hafa gert í garð vanrækslu barna (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Skýringin gæti verið að líkamlegt ofbeldi, þó í minna mæli kynferðislegt ofbeldi, hafa oft sýnileg mein á meðan neikvæðar afleiðingar af tilfinningalegu ofbeldi er mun erfiðara að sjá og greina (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Eitt atvik af tilfinningalegu ofbeldi er í sjálfu sér ekki nóg til að vera marktækt né sýna fram á skaða, en samanlögð áhrif af þessari tegund ofbeldis eru skaðleg (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Sérfræðingar vilja meina að mikil hætta er á að barn sem ítrekað fær að heyra að það sé einskis virði, heimskt eða ljótt fari að trúá því að það sé satt og fara að sýna hegðun sem samsvarar þessu (Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Ýmsir fræðimenn velta því fyrir sér hvar draga ætti línuna á milli mistaka sem foreldrar gera og tilfinningalegs ofbeldis (Miller-Perrin og Perrin, 2007; Osofsky, 2003; Schneider, Ross, Graham & Zielinski, 2005). Margt af því atferli sem á sér stað í skilgreiningu tilfinningalegs ofbeldis er minna „óeðlilegt“ en það sem er að finna í tengslum við annars konar ofbeldi á börnum. Margir ef ekki flestir foreldrar hunsa eða gagnrýna barn sitt á einhverjum tímapiunktum eða sýna barni ekki nægan stuðning. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa í huga við hvaða aðstæður þessi hegðun telst til tilfinningalegs ofbeldis. Tilfinningalegt ofbeldi gerist sjaldan í einangrun eins og „hreint“ form vanrækslu, heldur er það oft ofið saman við annars konar ofbeldi barna (Miller-Perrin og Perrin, 2007; Osofsky, 2003; Schneider, Ross, Graham og Zielinski, 2005). Miller-Perrin og Perrin (2007) benda á að allir þættir vanrækslu og ofbeldis innihaldi tilfinningalegan misbrest í uppeldi barna því að í hverjum þætti gæti verið möguleiki á að skaða sjálfsvirðingu eða sjálfmynd barnsins.

3 Tengslakenningin

Börn sem alast upp á heimili sem ekki er öryggisstaður og börnin fá ekki nauðsynlegan stuðning og hvatningu sem þau þurfa, eiga það til að vera ekki glaðvær og viðkvæm fyrir mótlæti í samskiptum. Þau eru líklegri til að eiga í erfiðleikum með nánin sambönd þegar þau gifta sig og eignast börn (Bowlby, 1988). Í þessum kafla verður meðal annars fjallað um tengslakenninguna (e. attachment theory) (Bowlby, 1973, 1980, 1984). Bowlby var frumkvöðull á sviði tengslakenninga, en þær fjalla um þá þörf einstaklingsins að mynda nánin tilfinningatengsl. Bowlby reyndi að útskýra þau sterku viðbrögð sem eiga sér stað þegar þessum tengslum er ógnað eða þau breyta (Bretherton, 1992). Einnig verður fjallað um Mary Ainsworth sem var samstarfsmaður Bowlby um tíma, hún þróaði tengslakenninguna áfram. Ainsworth og félagar (1978) gerðu rannsókn á börnum sem nefnist „Framandi aðstæður“ (e. Strange Situation) og verður fjallað um helstu niðurstöður þeirra rannsóknar í þessum kafla. Að lokum verður fjallað um orsakir ólíkrar tengslamyndunar og birtingarmyndir þeirra.

3.1 John Bowlby

John Bowlby (1907-1990) var breskur geðlæknir og sálkönnuður, oft nefndur höfundur tengslakenningarinnar (e. attachment theory). Bowlby þróaði hugmyndir sínar um tengslamyndun á sjötta áratug síðustu aldar og færði rök fyrir því að kjarni tengsla væri nánd, tengslamyndun móður og barns (Bretherton, 1992). Bowlby helgaði starf sitt tengslum og missi (Bretherton, 1992). Hann skrifaði fyrst kenninguna í ritgerðarformi og notaði næstu tuttugu árin til að þróa og útfæra hugmyndir sínar. Kenningin var gefin út í þremur bindum, það er tengsl (e. attachment) sem fjallar um tengsl móður og barns, aðskilnað (e. separation) sem fjallar aðallega um aðskilnaðarkvíða og svo missi (e. loss) sem fjallar um sorg í frumbersku (Bowlby, 1973, 1980, 1984; Bretherton, 1997). Ætlunin var að sýna mikilvægi tengsla strax í frumbersku á milli móður og barns. Bowlby (1984) taldi að grundvallarþörf barnsins væri tengslamyndun svo því finndist það öruggt og verndað.

3.2 Mary Ainsworth

Mary Ainsworth (1913-1999) var þróunarsálfræðingur sem starfaði með Bowlby um tíma. Hún gerði margar athuganir með honum ásamt því að skrifa með honum fræðilegar greinar um tengslamyndun milli ungbarna og mæðra þeirra. Hún þróaði tengslamyndunarkenninguna áfram en er sennilega þekktust fyrir rannsókn sína „Framandi aðstæður“ (e. Strange Situation) (Ainsworth, Biehar, Waters og Wall, 1978).

Ainsworth og félagar (1978) töldu að tengslamyndun móður og barns hefði mikil áhrif á sjálfsmynd og hegðun barnsins. Barn sem sinnt er af móður sinni þegar það kallar á hana upplifir öryggi, en ef móðir sinnir ekki kalli barnsins getur það upplifað kvíða og óöryggi fram eftir aldri.

3.3 Framandi aðstæður

Í rannsókn Ainsworth og féлага (1978) var skoðað hvernig viðbrögð barna á aldrinum 12-18 mánaða væru við aðskilnað við mæður sínar. Rannsókin fór fram í herbergi sem var fullt af leikföngum. Móðir kemur með barn sitt inn í herbergi, hún sest á stól og veitir barninu aðeins athygli ef það leitar eftir því. Ókunnugur einstaklingur kemur inn í herbergið og talar aðeins við móðurina, nálgast svo barnið og sýnir því leikfang. Móðirin fer út úr herberginu en ókunni aðilinn verður eftir og ef barnið er ánægt í leik sínum, skiptir hinn ókunnugi sér ekki af því. Ef barnið verður órólegt, reynir hann að róa barnið og vekja áhuga þess á leikföngunum. Takist ekki að róa barnið líkur þessum þætti. Ef allt gengur vel kemur móðirin aftur inn í herbergið og hinn ókunnugi yfirgefur það.

Með þessari aðferð kom í ljós samskiptahæfni og þroski barnsins. Börnin voru flokkuð eftir viðbrögðum þeirra í aðstæðunum bæði varðandi samskipti barns við foreldri og hinn ókunnuga. Metin voru tengsl milli móður og barns og hvort barnið bar traust til móður sinnar (Ainsworth o.fl., 1978). Niðurstöður sýndu að hægt væri að flokka tengslamyndun í þrjá flokka (Ainsworth o.fl., 1978; Berk, 2010):

- Örugg tengsl (e. secure attachment)
- Óörugg tengsl - að forðast (e. insecure-avoidant)
- Óörugg tengsl - tvíbend tengsl (e. insecure-ambivalent)

Síðar var fjórða flokknum bætt við (Main, 1991), því í rannsókn Ainsworth hafið komið í ljós lítill en marktækur hópur barna sem passaði ekki inní flokkana sem voru fyrir (Wilkins, 2012). En sá flokkur kallast:

- Óörugg tengsl - óreiðukennd (e. insecure-disorganized attachment)

Nánari lýsing á flokkunum:

Örugg tengsl (e. secure attachment): Barnið lítur á móður sína sem öruggt skjól, sýnir henni jákvæða athygli og skoðar sig um. Þegar móðir yfirgefur herbergið sýnir barnið aðskilnaðarkvíða og grætur því það velur móður sína fram yfir ókunna aðilann. Barnið er ekki hrætt við þann ókunna þar sem það var búið að sjá að móðir þess treysti honum. Þegar móðirin birtist aftur, gleðst barnið, hættir strax að gráta og leitar huggunar ef þörf þykir en fer strax að leika sér aftur (Ainsworth o.fl., 1978; Berk, 2009, 2010).

Óörugg tengsl - að forðast (e. insecure-avoidant): Barnið veitir móður sinni ekki neina sérstaka athygli. Það á til að sniðganga hana á óöruggan hátt þegar hún er nærverandi og sýnir ekki nein sérstök viðbrögð eða aðskilnaðarkvíða þegar hún yfirgefur herbergið. Barnið verður ekki áhyggjufullt eða fer í uppnám og bregst við ókunnuga einstaklingnum á mjög svipaðan hátt og móðurinni. Þegar móðirin kemur aftur fagnar barnið henni ekki eða er lengi að sína viðbrögð í þá áttina og er ekkert að flýta sér í fang hennar (Ainsworth o.fl., 1978; Berk, 2009).

Óörugg tengsl - tvíbend tengsl (e. insecure-ambivalent): Barn sem flokkast í þennan hóp kannar ekki umhverfið heldur er hangandi utan í móður sinni áður en hún yfirgefur herbergið. Barnið sýnir yfirleitt streitumerki þegar móðirin yfirgefur herbergið og verður oft reitt þegar móðirin kemur til baka. Barnið á það til að berjast um og slá jafnvel til hennar eða ýta henni frá sér. Mörg halda áfram að gráta og erfitt er að róa þau. Þegar barnið fer svo í fang móður sinnar sleppir það henni helst ekki (Ainsworth o.fl., 1978; Berk 2009).

Óörugg tengsl - óreiðukennd (e. insecure-disorganized attachment): Flokki þessum var bætt við síðar þar sem hópur af börnum áttu ekki heima í hinum flokkunum. Virðist sem þessi börn hafi enga tengingu (Beckett og Taylor, 2010). Viðbrögð barna sem tilheyra þessum flokki endurspeglar mesta óöryggið. Barnið virðist mjög ruglað og óöruggt, þegar móðirin kemur aftur sýnir barnið henni misvísandi hegðun til dæmis með því að fara í burtu þegar hún nálgast eða líta undan þegar móðirin tekur það í fangið (Wade og Tavis, 2011).

3.4 Orsakir ólíkrar tengslamyndunar

Ainsworth o.fl. (1978) töldu að það færi eftir því hvernig móðirin kæmi fram við barnið, fyrsta árið, hvaða flokki barnið myndi tilheyra. Ef barn upplifði að umönnunaraðilinn væri næmur fyrir þörfum þess og hefði brugðist við þeim, upplifði barnið öryggi, en ef uppalandinn væri ónæmur og óþægilegur myndi það skapa barninu óöryggi.

Barn sem hefur upplifað hranalega hegðun frá foreldrum sínum er líklegt til að flokkast undir „óörugg tengsl - að forðast“. Þá leitar barnið skjóls hjá umönnunaraðilum sínum og er nálægt þeim en reynir að forðast nán tengsl við þá, jafnvel þó því sé ógnað á einhvern hátt. Barninu er sama þótt móðirin yfirgefi herbergið, leitar ekki huggunar hjá henni þegar hún kemur aftur og kemur eins fram við móður sína og ókunnuga einstaklinginn sem er í herberginu (Ainsworth ofl., 1978).

Barn sem er með „óörugg tengsl - tvíbend tengsl“ á til að kvarta sáran yfir að vera skilið eftir, en vill samt ekki huggun eða snertingu móður sinnar og er með tvíbendnar tilfinningar í garð móður sinnar á sama tíma. Sem bendir til þess að ósamræmis gæti í umönnun foreldris, að það sé ekki ávallt til staðar fyrir barnið. Af þeim völdum treystir barnið ekki umönnunaraðilanum og veit ekki hvar það hefur hann. Barnið vill ekki sleppa umönnunaraðilanum sem er yfirleitt mótsagnakenndur og ósamkvæmur sjálfum sér (Ainsworth o.fl., 1978).

Þau börn sem eru með „óörugg - óreiðukennd tengsl“ geta sýnt furðuleg viðbrögð, eins og að vera grafkyrr eða sýna afmarkaða síendurtekna hegðun og oft eiga þau einnig foreldra sem eru tilfinningalega fjarlægðir (Wade og Tavris, 2011). Börn sem upplifa ofbeldi eða vanrækslu eru líklegri til að upplifa óörugg og óreiðukennd tengslavandamál gagnvart helsta umönnunaraðila (Hildyard og Wolf, 2002).

Upprunatengsl gegna meginhlutverki í þróun persónuleika. Þau hafa einnig áhrif á hvernig einstaklingar spjara sig þegar horft er til sjálfsmyndar og tengsla. Tengsl og umhverfisþættir sem ekki eru styðjandi og nærandi fyrir börn í upphafi bernsku þeirra, aðallega fyrstu þrjú árin, hefur áhrif á þróun geðrænna vandamála sem getur leitt til margvíslegra geðraskanna og geta orðið viðvarandi ef ekkert inngríp verður (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Samkvæmt Hildyard og Wolf (2002) er mynstur tengsla á milli barna og umönnunaraðila mikilvæg fyrir tilfinningalegan og félagslegan þroska barna. Fyrir börn

með örugga tengslamyndun hefur foreldri, eða sá aðili sem ætti að vera helsta höfn öryggis og verndar, orðið uppspretta hættu eða skaða og það skilur barnið eftir í óleysanlegum vanda. Án öryggis og stuðnings frá helsta umönnunaraðila gætu börn átt erfitt með að finna til trausts gagnvart öðrum þegar á reynir, sem gæti leitt til stöðugra kvíða- og reiði tilfinninga (Streeck-Fischer og van der Kolk, 2000). Örugg tengsl breyta eðlilegum þroskaferli barna sem getur haft mikil áhrif á getu barnsins til tjáskipta við aðra og skaðað getu þeirra til myndunar heilbrigðra sambanda í gegnum lífsferil þess (Bacon og Richardson, 2001).

Að eiga góða og heilbrigða tengslamyndun við umönnunaraðilann sinn frá fyrstu árum ævinnar, og síðan við aðra út lífið, skiptir máli fyrir framtíð einstaklinga eins og fram kemur í skrifum Bowlby (1973, bls. 235): „... fullvissa um viðveru tengslapersónu byggist hægt og hægt upp á árum vanþroskans - í bernsku, æsku og á unglingsárum - og ... þær væntingar sem eru myndaðar á þessum árum haldast oftast nokkurn veginn óbreyttar út lífið.“

3.5 Virkt innra líkan

Ein leið til að skoða tengslamyndun er að sjá þann sem einstaklingurinn tengist sem nokkurs konar tilfinningalegt haldreipi, uppspretta öryggis, hina öruggu höfn. En stundum er hin örugga höfn ekki til staðar. Óhjákvæmilega kemur til aðskilnaðar á einn eða annan hátt og upp koma atvik þar umönnunaraðilinn er líkamlega á staðnum en getur samt ekki veitt huggun, er til dæmis upptekinn, reiður við barnið, eða vegna veikinda (Beckett og Taylor, 2010).

Sum börn alast upp án nokkurrar tilfinningar fyrir öruggri höfn. Í þeirri stöðu eru börn stöðugt með þörf sem ekki hefur verið mætt. Verulega erfitt er fyrir barnið að vera í þeirri stöðu og það mun leita í margskonar varnarhætti til að takmarka aðskilnaðarkvíða og/eða til að fá stuðning. Bowlby taldi að varnarháttum væri kerfisbundið beint inn á við og mynduðu það sem hann kallaði innra virka líkan, nokkuð sem einstaklingurinn ber með sér allt lífið. Það er hvernig persónuleiki einstaklings þróast og hvernig sambönd einstaklinga í frumbernsku móta og hafa áhrif á hegðun og sambönd þeirra í gegnum lífið (Beckett og Taylor, 2010; Bowlby, 1973). Einstaklingur býr sér til virkt innra líkan um sig og veröld sína, líkan sem aðstoðar hann við að skynja atburði, spá fyrir um framtíðina og framkvæma áætlanir sínar. Í þessu virka líkani hvers og eins er lykilatriðið sýn einstaklingsins á því hverjir eru tengslapersónur hans, hvernig

má reikna með að þær bregðast við honum og hvar þær sé hægt að finna (Bowlby, 1973). Virkt innra líkan er sérstæður, einstaklingsbundinn skilningur um eigið sjálf sem er innbyggt og dregur áhrif sín frá menningu og félagslegu umhverfi. Það er samsett af trú, markmiðum og aðferðum og gefur einstaklingi ramma sem skilgreinir sjálfsmynd viðkomandi. Afmyndað eða óþroskað virkt innra líkan veitir ekki stöðuleika og samfellu og getur leitt til líkamlegs og tilfinningalegs sársauka hjá einstaklingi. Til að þróa heilbrigða geðheilsu þarf virka innra líkanið að innihalda trú á sjálfið, aðra og heiminn, til að geta sett innihaldsrík markmið og árangursríkar aðferðir til að ná þeim (Griffith, 2004).

Becket og Taylor (2010) vilja meina að Barn sem er í öruggum tengslum mun hafa virkt líkan af veröld sinni þar sem það er þess verðugt að vera elskað og fá athygli. Barnið reiknar með því að aðrir bregðist við og séu áreiðanlegir og lítur á sambönd við aðra sem gefandi og skemmtileg. Barn sem hefur últreiknanlegan og hafnandi umönnunaraðila þróar með sér, samkvæmt tengslamyndunarkenningunni, virkt líkan sem byggist ekki á raunveruleikanum og rétttri mynd af því sjálfu eða öðrum, heldur einungis af því að reyna að lifa af. Til að vinna samkvæmt þessu virka líkani notar barnið varnir eða afneitun, meðal annars til að stjórna kvíða sínum. Niðurstaðan verður „ónýtt“ líkan og barnið fær ekki rétta mynd af veruleikanum. Sem dæmi má nefna að börn sem eru verulega vanrækt af foreldrum sínum munu finna ýmsar afsakanir fyrir vanrækslunni til að vernda sig fyrir því að uppgötva að foreldrum þeirra er ekki annt um þau. Þau gætu sagt sjálfum sér að þau eigi vanræksluna skilið eða að þau kunni vel við að hlutirnir séu eins og þeir eru (Beckett og Taylor, 2010).

Vel þróað virkt innra líkan veitir heildstæða mynd sem felur í sér alhliða skilning á heiminum, hvatningu til að stunda þroskandi markmið og trú á getu einstaklinga til að sinna áskorunum og tækifærum í lífinu. Sterk sjálfsmynd veitir stöðugleika til að umfaðma lífið með bjartsýni og von, einnig hefur sjálfsmyndin sterkt forspárgildi um tilfinningalega og líkamlega heilsu og vellíðan (Griffith, 2004).

4 Áhrif tengslamyndunar

Rannsóknir Bowlby og Ainsworth beindust einkum að tengslamyndun barna, en hægt er að heimfæra þær á tengslamyndun fullorðinna. Fjöldi rannsókna hefur sýnt að mismunandi gerðir tengslamyndunar hjá börnum hafi áhrif á sambönd við aðra einstaklinga á fullorðinsárum (Hazan og Shaver, 1987). Gerðar hafa verið rannsóknir sem beina sjónum að tengslamyndun fullorðinna og þá sérstaklega í tilfinningasamböndum. Hazan og Shaver (1987) voru með þeim fyrstu sem rannsökuðu tengslamyndun fullorðinna og flokkuðu mismunandi tegundir tengslamyndunnar á sama hátt og Ainsworth hafði gert. Hér á eftir verður fjallað um hvaða áhrif tengslamyndun í bernsku hefur á myndun náinna tilfinningatengsla, eins og í ástarsamböndum, þegar barnið verður uppkomið.

4.1 Barnið uppkomið

Tengsl eru viðvarandi tilfinningalegar tengingar sem þróast á fyrsta ári í lífi barns, meðan barnið er algerlega háð uppeldisaðila sínum. Þessi tengsl þjóna mikilvægu hlutverki því þar læra börnin um traust og öryggi, sjálfsmynd myndast og þau öðlast hæfileikann til að læra og kanna (Bowlby, 1980; Miller-Perrin og Perrin, 2007). Mistakist að mynda tengsl snemma í lífinu þannig að örugg tengslamyndun nái ekki að þroskast og þróast eðlilega, getur það leitt til margskonar truflanna og stuðlað að vandamálum á fullorðinsárum eins og erfiðleika til að mynda nán tilfinningatengsl (Ainsworth 1991; Bowlby, 1980, 1984; Hazan og Shaver, 1987; Miller-Perrin og Perrin, 2007).

Ein af helstu forsendum tengslakenningarinnar er að einstaklingar þróist og geri sig skiljanlega sem er best í tengslum við samskipti. Nán sambönd veita lífsreynslu þar sem virka innra líkanið þróast (Griffith, 2004). Fullorðnir einstaklingar sem hafa innleitt ónýt innri líkön á æskuárum, sem var nauðsynlegur sjálfsbjargarháttur á þeim tíma, geta síðar á lífsleiðinni myndað sambönd byggð á brengluðu sjónarhorni. Ónýt virk líkön innihalda rangar upplýsingar og leiða til erfiðleika við að mynda ný sambönd á farsælan hátt (Beckett og Taylor, 2010).

Athuganir hafa sýnt að þeir einstaklingar sem hafa alist upp við örugga tengslamyndun í æsku lýsa foreldrum sínum sem hlýjum, ástúðlegum og stuðningsríkum

aðilum, sem þeir hefðu verið í góðum tengslum við (Berk, 2010; Creasey, 2002; Creasey og Ladd, 2004; Roisman, Patrón, Sroufe, Egeland, 2002). Þessir einstaklingar höfðu þróað virkt innra líkan sem endurspeglar þetta öryggi og upplifðu sig sem viðkunnalegan einstakling sem auðvelt væri að kynnast, áttu auðvelt með nán sambönd og höfðu sjaldan áhyggjur af missi. Þeir lýstu ástarsambandi sínu sem fullu trausts, gleði og vináttu (Cassidy, 2000). Hegðun þeirra gagnvart maka var stuðningsrík og þeir sýndu samhygd og aðferðir þeirra til úrlausna vandamála var uppbyggjandi. Þeim þótti einnig auðvelt að snúa sér til makans í leit að vellíðan eða aðstoðar og greindu frá því að kynlíf væri sótt jafnt af báðum aðilum og væri ánægjulegt (Berk, 2010; Creasey, 2002; Creasey og Ladd, 2004; Roisman, Patrón, Sroufe, Egeland, 2002).

Einstaklingar sem höfðu tengslamyndun sem fól í sér óörugg tengsl - það að forðast, lýstu foreldrum sínum sem krefjandi, alltaf gagnrýnandi og að þeir hefðu sýnt þeim óvirðingu. Þessir aðilar höfðu þróað virkt innri líkan sem lagði áherslu á sjálfstæði, vantraust í garð maka og kvíða fyrir nálægð. Þeir voru sannfærðir um að öðrum mislíkaði við þá, að rómantíska ást væri erfitt að finna og að hún myndi sjaldan vara hvort sem er. Þeir voru öfundsjúkir, tilfinningalega fjarlægir, sýndu takmarkaðan stuðning við vandamálum maka sinna og höfðu litla ánægju af líkamlegri snertingu sem litaði ástarsambönd þeirra. Þeir höfðu einnig tilhneigingu til að vinna mikið og forðuðust tengsl, en voru frekar í skammtíma ástarsamböndum eða ótrúir mökum sínum (Feeney, 1999). Þeir gátu verið með ýmis óraunhæf viðhorf til ástarsambanda, til dæmis að makar geti ekki breyst og að karlar og konur hafi mismunandi þarfir. Þeim hætti til að gera ráð fyrir hugsanalestri í ástarsambandi, það er að aðrir eiga að vita hvað þeir vilja án þess að þeir hafi sett vilja sinn í orð (Berk, 2010; Stackert og Bursik, 2003).

Fullorðnir sem minntust tengsla sem einkenndust af óöruggum tengslum - tvíbendum tengslum við foreldra sína sögðu foreldra sína hafa verið ósanngjarna og óútreiknanlega í tilsvörum. Þessir einstaklingar höfðu þróað virkt innri líkan sem leitaðist eftir því að sameinast fullkomlega við annan aðila og þeir urðu ástfangnir fljótt (Cassidy, 2000). Á sama tíma, höfðu þeir áhyggjur af því að þeirra áköfu tilfinningar myndu vera öðrum til ama. Þeir voru óvissir um ást þeirra sem þeir elskuðu og vissir um að þeir myndu ekki vilja vera hjá þeim til lengri tíma. Ástarsamband þeirra var litað af afbrýðsemi, tilfinningalegum hæðum og lægðum og örvæntingu um hvort ástúð þeirra

yrði gagnkvæm (Feeney, 1999). Þessir einstaklingar buðu stuðning, en gerðu það á þann hátt sem hentaði þörfum makans illa. Þeir voru einnig fljótir að tjá ótta og reiði og gefa upplýsingar um sjálfan sig á óviðeigandi tímum (Berk, 2010).

Þessar niðurstöður benda til þess að endurheimt minninga fullorðinna bera sum líkindi við raunverulega upplifun milli foreldra og barns. Hins vegar eru gæði tengsla við foreldra ekki eini þátturinn sem hefur áhrif á nándartilfinningar eða á virkt innri líkan seinna meir. Hegðun maka og núverandi aðstæður eru einnig mikilvæg atriði (Berk, 2010).

4.2 Ástarsambandið

Fylgífiskur misbrests í uppleidi barns er oft lágt sjálfsmat þess. Barnið getur því valið starf eða maka á fullorðinsárum sem það hefði annars að öllum líkindum ekki valið. Heppilegar kringumstæður geta bætt líf þess, til dæmis eitt gott foreldri eða staðgengill þess, nágrenni, ættingjar, kennarar, meðferðaraðilar, vinir, gefandi starf, börn eða maki (Massie og Szajnberg, 2006).

Öruggt tengdir einstaklingar eru betur færir en óöruggir einstaklingar í að taka tilfinningalegar áhættur og eiga auðveldara með að veita öðrum stuðning (Solomon, 2009). Þeir takast betur á við átök og streitu. Sambönd þeirra hafa tilhneigingu til að vera betri, stöðugri og meira uppbyggjandi. Rannsókn Solomon (2009) bendir til þess að ef aðilar hafa þróað með sér örugga tengslamyndun er meira jafnvægi og færri árekstrar í samskiptum, en sambönd þar sem einn eða báðir eru með óörugga tengslamyndun.

Solomon (2009) vill meina að áhrif tengsla sem myndast snemma geta varað lengi. Þeir sem hafa upplifað óörugga tengslamyndun snemma á ævinni þróa frekar með sér aðferðir sem líklegar eru til að setja upp vegg á milli þeirra og aðila sem þeir tengjast tilfinningaböndum. Ef tengslamyndun hefur verið sársaukafull snemma á ævinni, jafnvel áður en barnið hefur lært að tjá sig með tungumáli, getur henni verið fylgt eftir með varnarkerfi sem er hannað til að vernda viðkvæmt sjálfið í þroska barnsins. Minningar og áföll sem myndast snemma, tynast oft í gegnum bælingu og tengslarof. Það sem situr eftir geta verið tilfinningaleg viðbrögð við sársaukafullu atviki, ómeðvituð bæling tilfinninga.

Massie og Szajnberg (2006) segja að þeir sem hafa upplifað ofbeldi í æsku, skorti oft sterka hljómmikla rödd sjálfstraustsins. Hugsanlega gæti sú rödd enn komið með tímanum og kynni að leggja margt jákvætt til málanna með jákvæðari reynslu og aðstoð. Frekari innri sálrænar breytingar geta átt sér stað, til dæmis varðandi reiði, sektarkennd og skömm. Jafnframt geta óþarfleg áhrif foreldra í lífinu og/eða í minningunni, minnkað.

Mikilvægt er fyrir einstakling að þróa með sér trausta gerð tengsla til að eiga meiri möguleika á að eiga gefandi, rómantísk og ánægjuleg sambönd. Einkenni traustar tengslagerðar er að einstaklingur hefur góða sjálfsvirðingu, jákvæða afstöðu til annarra og sjálfs síns. Rómantískt samband þess aðila er líklegt til að vera í jafnvægi og þar rýkir traust, ánægja og vinátta (Dagmar Rósa Guðjónsdóttir og Sóley S. Bender, 2013).

4.3 Stuðningur maka

Mörgum spurningum er enn ósvarað um raunverulegan feril þess að yfirstíga fyrri áföll og hins sértæka hlutverk hjónabandsins í því ferli. Læra þarf af þolendum, þeim sem hafa upplifað áföll og geta litið til baka og lýst því ferli sem þeir fóru í gegnum á leið þeirra til bata. Vita þarf hvaða hlutverk hjónaband gegnir í þessu ferli með því að lýsa hvernig hjónaband getur hjálpað eða heft bataferlið. Einnig þarf að vita hvað makar hafa gert til að aðstoða eiginkonur eða eiginmenn við bataferli þeirra sem hafa upplifað misbrest í uppeldi í barnæsku og óörugg tilfinningatengsl (Skogrand, 2005).

Skogrand, Woodbury, Defrain, Defrain og Jones (2005) gerðu eigindlega rannsókn á 84 einstaklingum í bandaríkjunum. Þar var skoðað hvað hjónaband gerði fyrir einstaklinga sem höfðu upplifað misbrest í uppeldi sínu. Niðurstöður leiddu í ljós að afleiðingar uppeldisins hafði áhrif á flesta þætti í lífi þeirra á lífsleiðinni, þar með talið hjónabandið. Flestir þátttakenda í rannsókninni litu á hjónaband sem leið burt frá upprunafjölskyldum sínum og þeim erfiðleikum sem þeir höfðu búið við á æskuheimilum sínum. Einn þátttakandi rannsóknarinnar lýsti afleiðingunum af upplifun sinni af misbresti sem hann hafði orðið fyrir í æsku á þessa leið: „Það er eins og dökkur þráður ofinn í gegnum klæðisbút. Þú getur ekki dregið þráðinn úr klæðinu án þess að það afmyndi heildarmyndina. Þráðurinn er sýnilegur hér og þar enda samofinn við hina þræðina“ (Skogrand o.fl., 2005, bls. 3).

Annar þátttakandi lýsti afleiðingum á uppeldi sínu þannig:

Ég giftist ungur og átti börn strax vegna þess að ég vildi þessa fullkomnu fjölskyldu strax. Ég vildi öryggið og vissuna að ég væri elskaður og hefði einhvern til að elska. Ég vildi fullkomið heimili. Ég vildi dúkkuhús þar sem ég gæti farið inn og raðað hlutum og fólki í kringum mig. Ég gæti þá haldið sársaukanum frá ef ég hefði stjórn, en fólk er ekki þannig, það er ekki hægt að stjórna öðru fólki, það gerir stundum hluti sem særir (Skogrand o.fl., 2005, bls. 4).

Rannsóknin sýndi þrjú þemu varðandi hvaða hugmyndir eða óskhyggju einstaklingarnir höfðu haft á æskuárunum til fullorðinsáranna um hjónaband eða maka. Fyrsta þemað var að makinn átti að vera fyrsta skrefið í leið að jákvæðu fjölskyldulífi sem einstaklingurinn hafði ekki upplifað í bernsku. Annað þemað var að hjónaband væri lausnin til að flýja hið gamla líf sem aðilar höfðu upplifað í bernskunni. Að lokum voru einstaklingar sem vildu bara einhvern til að elska. Fyrir marga reyndist hjónabandið ekkert sérstaklega gott. En upprunalega takmarkið, sem hafði verið að komast úr fyrri aðstæðunum eða frá upprunafjölskyldunni, hafði heppnast (Skogrand o.fl., 2005).

Makar þeirra sem hafa upplifað erfiða bernsku geta haft áhrif, þeir geta aðstoðað maka sína við að yfirstíga erfiðar aðstæður í bernsku. Einn helsti þátturinn var að veita makanum jákvæða reynslu sem hann hafði ekki upplifað í bernsku sinni. Eitt atriði sem aðstoðaði við bataferlið var að gefa sér nægan tíma til að hlusta á hinn aðilann tala um æsku sína og reynslu, jákvæða jafnt sem neikvæða (Skogrand o.fl., 2005). Annað atriði var að makinn léti vita að ást hans væri skilyrðislaus og að þolandanum væri tekið eins og hann væri án þess að vera dæmdur. Þriðja atriðið sem þótti gagnlegt var að makinn tæki stjórn, segði þolandanum eða sýndi hvað hann þyrfti að gera til að hætta misbeitingu eða vanvirkri hegðun og segði þeim frá leiðum til bata (Skogrand o.fl., 2005).

Nokkrir þátttakendur í rannsókninni fóru í neikvæð sambönd sem fyrsta skrefið í yfirstígunarferli. Að giftast einhverjum sem jafnvel beitti þá ofbeldi var fyrir suma það skref sem leyfði þeim að flýja erfiðleika sem þeir höfðu upplifað hjá upprunafjölskyldunni. Þótt þátttakendurnir gætu litið til baka og áttað sig á að hjónabandið var ekki mikið betra en erfiðleikarnir í barnæskunni, vissu þeir að hjónabandið, hversu slæmt sem það var, leiddi huga þeirra í burtu frá upprunafjölskyldum sínum (Skogrand o.fl., 2005).

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja fyrri vinnu Ainsworth, Blehar, Waters og Wall (1978) og Bowlby (1973) um mikilvægi félagslegra tengsla sem myndast snemma. Slík

tengsl geta skipt sköpum er kemur að heilbrigðum þroska einstaklinga og getu þeirra til tengslamyndunar síðar á lífsleiðinni. Einnig styðja niðurstöður rannsóknarinnar að myndun neikvæðra tengsla á unga aldri virðist hafa bein áhrif á samskipti seinna á lífsleiðinni (Skogrand o.fl., 2005).

Bataferli eftir að einstaklingur hefur orðið fyrir misbresti í uppeldi getur verið langt og sársaukafullt. Stuðningsríkur maki getur haft jákvæð áhrif í þessu ferli. Þótt ekki sé til nein ein rétt leið til bata þá veita þátttakendur rannsóknarinn dæmi um leiðir sem maki getur farið til að sýna stuðning og þar með aðstoðað við bataferli (Skogrand o.fl., 2005). Maki kemur ekki í staðinn fyrir ráðgjöf fagaðila þegar sérstakir erfiðleikar koma upp, en ef báðir aðilar í hjónabandi eru búnir hæfileikum og aflögufærir til að veita stuðning og tilfinningalega umhyggju getur það haft sambærileg áhrif og að fara í ráðgjöf (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Reynsla barns getur fylgt því í fullorðinssambönd og á sama tíma eru virk innri líkön stöðugt „uppfærð“. Þegar fullorðnir einstaklingar eru óánægðir með sambönd sín og fá tækifæri til að mynda ánægjulegri tengsl þá getur viss endurskoðun farið fram á virka innra líkani þeirra. Þegar nýr maki nálgast sambandið með staðfast geð, sýnir næmni og stuðningsríka hegðun þá mun óöruggari aðilinn endurmeta væntingar sínar og bregðast við með svipuðum hætti. Þessi gagnkvæmni skapar hringrás þar sem hið virka innra líkan fær viðkunnulegri samskipti sem eru ánægjuleg og eru því líkleg til að viðhaldast til lengri tíma (Berk, 2010).

5 Fjölskyldumiðuð félagsráðgjöf

Veganesti úr foreldrahúsum er oft dýrmætt en það getur líka verið manni fjötur um fót. Því daprari sem reynsla fólks er því ríkari ástæða er til að staldra við og hugsa eða leita sér hjálpar til að brjóta upp mynstur sem eiga ekki erindi til næstu kynslóðar (Sæunn Kjartansdóttir, 2009, bls. 14).

Hefð hefur orðið fyrir fjölskyldumiðuða félagsráðgjöf. Fjölskyldumeðferð hentar vel þar sem allir í fjölskyldunni eru sameiginlegir notendur, ekki hver og einn í sitt hvoru lagi. Barnið er háð hinum fullorðnu aðilum í fjölskyldunni varðandi afkomu sína og velferð og þar af leiðandi þarf að vinna með öllum aðilum hvað varðar velferð og afkomu barnsins. Svo auðveldara sé að hjálpa og skilja einstaklinginn er gott að skoða kerfið sem hann býr við og eitt af þeim kerfum er fjölskyldan. Þar af leiðandi er þörf á að vinna sameiginlega að málum fjölskyldunnar (Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Félagsráðgjafar þurfa að horfa á heildarsýnina sem felst í því að vera meðvitaður um að hver einstaklingur sé sérstakur og meta þurfi aðstæður hvers og eins út frá umhverfi hans, fjölskyldu, vinum og samfélaginu í heild sinni (Lára Björnsdóttir, 2006).

Virðing fyrir manngildi og trú á getu einstaklingsins til að nýta hæfaileika sína til fullnustu er grundvöllur félagsráðgjafar og markmiðið er að vinna gegn félagslegu óréttlæti og persónulegum vandamálum. Félagsráðgjafinn veitir upplýsingar og aðstoðar einstaklinga til að finna úrræði en virðir rétt hans til að taka eigin ákvarðanir um líf sitt svo framanlega sem það skaðar ekki aðra (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Frá upphafi hefur vinna félagsráðgjafa byggt á þeirri hugmynd að efla styrkleika einstaklingsins með því að kynna sér tengsl hans við fjölskylduna, persónuleika hans og félagslega umhverfi sem hefur áhrif á hann (Hrefna Ólafsdóttir, 2006).

Ekki er alltaf auðvelt að skilgreina öll vandamál sem koma upp. Til dæmis koma kvartanir oft upp hjá þörum varðandi samskiptabresti eða dagleg vandamál, sem er einungis vegna skorts á tengslamyndun. Vandamálið verður að brennidepli í samskiptum og ef ekki er tekist á við tengslin eða skort á þeim getur það leitt til ágreinings, ótta og vonleysi sem getur orðið svo mikið að einstaklingarnir draga sig í hlé og jafnvel loka alveg á samskipti (Solomon, 2009). Mikilvægt er að skilja uppruna tengsla í þroska ungbarna. Tengslakenningin gefur meðferðaraðila skýr markmið, áherslur og stefnur til

að aðstoða hann í ferli breytinga. Einnig gefur hún orðalag til að vinna á vandamálum ástarsambanda (Solomon, 2009). Ráðgjafi þarf að hafa skilning á tengslum og uppruna þeirra í þroskaferli einstaklinga. Reynt getur á tengslamyndun í samböndum fullorðinna ef annar eða báðir einstaklingarnir hafa orðið fyrir misbresti í aðbúnaði í æsku. Markmið árangursríkrar meðferðar er að byggja upp eða endurheimta vöxt nándar, samúðar, skilnings, heilbrigð tengsl og samskipti (Solomon, 2009). Einnig er mikilvægt fyrir næstu kynslóð, svo að börn þeirra einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi, að sjá ánægju í andliti foreldra sinna frekar en skort eða sinnuleysi, svo þau upplifi minna óöryggi, ósætti og verði vitni að auknu sjálfstrausti í hegðun foreldra sinna (Massie og Szajnberg, 2006).

6 Niðurstöður

Markmiðið með þessum skrifum var að skoða tengslamyndun. Skoðað var hvort tengsl í frumbersku geti haft áhrif á tengslamyndun á fullorðinsárum. Lögð var áhersla á tilfinningatengsl eins og ástarsambönd. Í þessum kafla mun höfundur draga saman helstu niðurstöður og svara spurningunni sem var: Hvernig gengur börnum sem hafa alist upp við misbrest og óörugg tilfinningatengsl við umönnunaraðila, að tengjast öðrum einstaklingum nánum tilfinningasamböndum þegar þau verða uppkomin?

Byrjað var á að fara yfir misbresti í uppeldi á börnum samkvæmt SOF skilgreiningar- og flokkunarkerfinu sem er notað hér á landi til að skilgreina misbrest í uppeldi á börnum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Lauslega var farið yfir þá þætti sem felast í skilgreiningunni ofbeldi og vanræksla en flokkarnir tilfinningaleg vanræksla og tilfinningalegt ofbeldi var skoðað nánar.

Á fyrstu sex mánuðum ársins 2013 varð aukning á tilkynningum til barnaverndarnefnda um tæplega 5% frá árinu áður. Fjöldi tilkynninga var 4.264 en á sama tímabili árið á undan voru tilkynningarnar 4.066. Fleiri en ein tilkynning getur borist um hvert barn, svo að einstaklingarnir eru ekki eins margir og tilkynningarnar segja til um (Barnaverndarstofa, 2013).

Til að skoða tengsl var farið yfir tengslakenningu Bowlby's en hann er talinn höfundur tengslakennningarinnar. Kenningin fjallar meðal annars um þörf einstaklingsins til að mynda nán tilfinningatengsl og þau sterku viðbrögð sem eiga sér stað þegar þessum tengslum er ógnað eða þau bresta (Bretherton, 1992). Einnig var rannsókn Ainsworth o.fl., (1978), „Framandi aðstæður“ (e. Strange Situation), skoðuð. Rannsóknin sýndi þroska og samskiptahæfni barnsins og getu til tengslamyndunar. Börnin voru flokkuð eftir viðbrögðum þeirra í framandi aðstæðum. Niðurstöður sýndu þrjá flokka tengslamyndunar, fyrst má nefna örugg tengsl, í þeim flokki voru börn sem báru fullt traust til móður sinnar. Barnið lítur á hana sem öruggt skjól, sýnir henni jákvæða athygli og skoðar sig um. Barnið sýnir aðskilnaðarkvíða þegar móðirin fer en jafnar sig fljótt. Í öðru lagi var það flokkurinn óörugg tengsl - að forðast, barnið hefur ekki trú á uppalandi sínum og sýnir lítinn aðskilnaðarkvíða ef móðir fer og fagnar henni ekki þegar

hún kemur aftur. Barnið veitir móður sinni ekki neina sérstaka athygli, á til að sniðganga hana á óöruggan hátt þegar hún er nærverandi. Að lokum, þriðji og síðasti flokkurinn, óörugg tengsl - tvíbend tengsl. Barn sem flokkast í þann flokk hangir utan í móður sinni, á erfitt með að sleppa henni og sýnir mikinn aðskilnaðarkvíða þegar hún fer. Síðar var flokknum óörugg tengsl - óreiðukennd bætt við (Wilkins, 2012) og í þeim flokki voru börn sem upplifðu mesta óöryggið (Wade og Tavis, 2011). Ainsworth o.fl. (1978) töldu að það færi eftir því hvernig móðirin kæmi fram við barnið fyrsta árið, hvaða flokki tengslamyndunar barnið myndi tilheyra.

Fram kemur í ritgerðinni að þeir einstaklingar sem höfðu alist upp við örugga tengslamyndun áttu auðvelt með að vera í nánnum samböndum og höfðu sjaldan áhyggjur af missi. Einstaklingar sem höfðu þróað í uppeldinu óörugg tengsl - að forðast áttu erfitt með nán sambönd, voru frekar í skammtímasamböndum, unnu mikið og virtust forðast tengsl. Einstaklingar sem höfðu þróað með sér óörugg tengsl - tvíbend tengsl urðu fljótt ástfangnir á fullorðinsaldri (Cassidy, 2000) en höfðu áhyggjur af því að þeirra áköfu tilfinningar myndu vera öðrum til ama. Þeir voru óvissir um ást þeirra sem þeir elskuðu og hræddir um að sambandið myndi ekki endast (Feeney, 1999).

Fjallað var um virkt innra líkan einstaklinga, kemur fram að það getur verið afmyndað og óþroskað sem skapar líkamlegan og tilfinningalegan sársauka. En vel þróað virkt innra líkan veitir trú einstaklinga á getu þeirra og tækifærum í lífinu (Griffith, 2004). Fullorðnir einstaklingar, sem hafa innleitt óæskileg innri líkön á æskuárum, geta myndað sambönd síðar á lífsleiðinni byggð á brengluðu sjónarhorni (Beckett og Taylor, 2010).

Skoðuð var rannsókn Skogrand og félagar (2005) og niðurstaða hennar sýndi að börn sem höfðu alist upp við misbrest í æsku áttu í erfiðleikum með tilfinningatengsl á fullorðinsárum. Einstaklingarnir mynduðu oft sambönd á röngum forsendum, meðal annars til að komast frá upprunafjölskyldu sinni. Einnig kom í ljós að í hjónabandi getur maki haft áhrif á bataferil maka síns sem eru með óörugga tengslamyndun. Hann getur gefið sér tíma til að hlusta á makann sinn tala um æsku sína, veitt honum jákvæða reynslu sem hann hafði ekki upplifað í æsku og látið vita að ást hans væri skilyrðislaus.

Spurningin sem lögð var fram í upphafi ritgerðar verður svarað á eftirfarandi hátt: Tengslamyndun barna í frumbersku hefur áhrif á tengslamyndun þeirra síðar á ævinni, þegar þau tengjast öðrum en upprunafjölskyldu sinni tilfinningaböndum eins og

ástarsambandi. Einstaklingur sem fengið hefur örugga tengslamyndun og vel þróað virkt innra líkan á mun auðveldara með að tengjast öðrum í tilfinningasambandi en sá einstaklingur sem hefur þróað óörugg tengsl vegna misbrest í uppeldinu.

7 Umræða

Í þessari ritgerð var fjallað um tengsl, uppruna tengsl barna við umönnunaraðila sína og tilfinningatengsl þegar þau verða uppkomin. Ef heimurinn væri fullkominn þá fengju börnin strax þá aðstoð sem þyrfti til að taka á vandamálunum og þau færu út í lífið með góða sjálfsmynd og innra öryggi. En lífið er ekki þannig, svo börn fara oft út í lífið full af óöryggi, kvíða og með litla trú á sjálfum sér. Þau hafa ekki þá tilfinningalegu færni sem er mikilvæg þegar þau tengjast öðrum. Einstaklingur sem kemur þannig út í lífið getur átt í vandræðum í hjónabandi, í samskiptum við börn sín og jafnvel í samskiptum við vini. Ástæða þess er sú að hann hefur tileinkað sér mynstur sem hann þarf aðstoð við að brjóta.

Vanræksla og ofbeldi mótar einstaklinginn og hefur áhrif á þróun svokallaðs innra líkan barna. Ef það líkan er skekkkt þá fara þau út í lífið með brenglaða hugmynd um hvað sé eðlilegt og hvernig hlutirnir eiga að vera. Ef þau verða fyrir misbresti í aðbúnaði þegar tilfinningalegi þroski þeirra er í mestri mótun getur það valdið annað hvort vantrausti eða að þau verða of háð öðrum einstaklingum.

Umfjöllunin í þessari ritgerð sýnir að erfiðleikar í tengslamyndun í frumbersku er líkleg til að skapa einnig erfiðleika þegar barnið verður uppkomið. Ef misbrestur í uppeldi hefur átt sér stað getur það haft áhrif á líf þess einstaklings um alla framtíð ef ekkert verður að gert .

Hlutverk félagsráðgjafa er mikilvægt þegar unnið er með fjölskyldur. Ekki síst til að aðstoða einstaklinginn að finna uppruna vandamálsins svo hægt sé að finna lausnir sem og úrræði til að komast út úr neikvæðu mynstri sem hefur verið að þróast í mörg ár. Góð fjölskylduráðgjöf og/eða hjónabandsráðgjöf getur gert mikið gagn. Þar kemur félagsráðgjafinn sterkur inn þar sem hann horfir á heildarsýnina, einstaklinginn sjálfan sem er mikilvægt, en einnig það umhverfi og samfélag sem hann er hluti af.

Heimildaskrá

- Ainsworth, M. D. S. (1991). Attachments and other affectional bonds across the life cycle. Í Parkers, C. M., Stevenson-Hinde, J. og Marris, P (ritstjórar), *Attachment across the life cycle* (bls. 33-51). London: Routledge.
- Ainsworth, M. D. S., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. (1978). *Patterns of attachment: A psychological study of the strange situation*. Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum.
- Bacon, H. og Richardson, S. (2001). Attachment theory and child abuse: An overview of the literature for practitioners. *Child Abuse Review*, 10(6), 377-397.
- Barnaverndarstofa. (2013). *Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áráanna 2012 og 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Barnett, O. W., Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2011). *Family violence across the lifespan: An introduction* (3. útgáfa). Thousand Oaks: Sage Publications, Inc.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human Growth and Development* (2. útgáfa). London: Sage Publication Ltd.
- Berk, L. E. (2009). *Child Development* (8. útgáfa). Boston, MA; London: Pearson/ Allyn and Bacon.
- Berk, L. E. (2010). *Development through the lifespan* (5. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Bowlby, J. (1973). *Attachment and loss: Separation: Anxiety and anger* (2. bindi). London: Basic.
- Bowlby, J. (1980). *Attachment and loss: Loss: Sadness and depression* (3. bindi). New York: Books.
- Bowlby, J. (1984). *Attachment and loss: Attachment* (1. bindi) (2. útgáfa). Harmondworth: Pelican Books.
- Bowlby, J. (1988). Developmental psychiatry comes of age. *The American Journal of Psychiatry*, 145(1), 1-10.
- Bretherton, I. (1992). The origins of Attachment Theory: John Bowlby and Mary Ainsworth. *Developmental Psychology*, 28(5), 759-775.
- Bretherton, I. (1997). Bowlby's Legacy to Developmental Psychology. *Child Psychiatry and Human Development*, 28(1), 33-43.

- Cassidy, J. (2000). Adult romantic attachments: A developmental perspective on individual differences. *Review of General Psychology*, 4(2), 111-131.
- Cerezo, M. A. (1997). Abusive family interaction: A review. *Aggression and Violent Behavior*, 2(3), 215-240.
- Creasey, G. (2002). Associations Between Working Models of Attachment and Conflict Management Behavior in Romantic Couples. *Journal of Counseling Psychology*, 49(3), 365-375.
- Creasey, G. og Ladd, A. (2004). Negative Mood Regulation Expectancies and Conflict Behaviors in Late Adolescent College Student Romantic Relationships: The Moderating Role of Generalized Attachment Representations. *Journal of Research on Adolescence*, 14(2), 235-255.
- Dagmar Rósa Guðjónsdóttir og Sóley S. Bender. (2013). Könnun á gildum ólíkra tengslagerða í rómantískum samböndum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 89(1), 44-49.
- Feeney, J. A. (1999). Adult attachment, emotional control, and marital satisfaction. *Personal Relationships*, 6(2), 169-185.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Síðareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt 16. nóvember 2013 af http://www.felagsradgjof.is/Stjorn/Sidareglur_islenskra_felagsradgjafa/
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV: Félagsvísindadeild* (bls. 180-189). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: Helstu áhættuþættir. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V: Félagsvísindadeild* (bls.315-324). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd* (2. útgáfa). Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Glaser, D. (2002). Emotional abuse and neglect (psychological maltreatment): A conceptual framework. *Child Abuse and Neglect*, 26(6-7), 697-714.
- Griffith, B. A. (2004). The Structure and Development of Internal Working Models: An Integrated Framework for Understanding Clients and Promoting Wellness. *The Journal of Humanistic Counseling, Education and Development*, 43(2),163-177.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2013: Sveitarfélagaskipan hvers árs*. Sótt 26. desember 2013 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN02001%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+aldri+og+sveitarf%>

E9l%F6gum+1998%2D2013+%2D+Sveitarf%E9lagaskipan+hvers+%E1rs%26path=../D
atabase/mannfjoldi/sveitarfelog/%26lang=3%26units=Fjöldi

- Hazan, C. og Shaver, P. (1987). Romantic Love Conceptualized as an Attachment Process. *Journal of Personality and Social Psychology*, 52(3), 511-524.
- Hildyard, K. L. og Wolfe, D. A. (2002). Child neglect: Developmental issues and outcomes. *Child Abuse and Neglect*, 26(6-7), 679-695.
- Hrefna Ólafsdóttir. (2006). Börn og geðræn vandkvæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 111-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn: Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Main, M. (1991). Metacognitive knowledge, metacognitive monitoring, and singular (coherent) vs. multiple (incoherent) model of attachment. Findings and directions for future research. Í Parkes, C. M., Stevenson-Hinde, J. og Marris, P (ritstjórar), *Attachment across the life cycle* (bls. 127-159). New York: Tavistock og Routledge.
- Massie, H. og Szajnberg, N. (2006). My life is a longing: Child abuse and its adult sequelae: Results of the Brody longitudinal study from birth to age 30. *The International Journal of Psychoanalysis*, 87(2), 471-496
- Miller-Perrin, C. L. og Perrin, R. D. (2007). *Child Maltreatment: An Introduction* (2. útgáfa). London: Sage Publications.
- Newman, D. M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of families* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Pine Forge Press.
- Osofsky, J. D. (2003). Prevalence of Children's Exposure to Domestic Violence and Child Maltreatment: Implications for Prevention and Intervention. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 6(3), 161-170
- Polonko, K. A. (2006). Exploring assumptions about child neglect in relation to the broader field of child maltreatment. *Journal of Health and Human Services Administration*, 29(3), 260-284.
- Roisman, G. I., Padrón, E., Sroufe, L. A. og Egeland, B. (2002). Earned-Secure Attachment Status in Retrospect and Prospect. *Child Development*, 73(4), 1204-1219.
- Schneider, M. W., Ross, A., Graham, J. C. og Zielinski, A. (2005). Do allegations of emotional maltreatment predict developmental outcomes beyond that of other forms of maltreatment? *Child Abuse and Neglect*, 29(5), 513-532.

- Sidebotham, P. og Heron, J. (2003). Child maltreatment in the „children of nineties“: The role of the child. *Child Abuse and Neglect*, 27(3), 337-352.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldarhvärf: Náin tengsl og uppeldisskilyrði barna*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Skogrand, L., Woodbury, D., Defrain, J., Defrain, N. og Jones, J. E. (2005). Traumatic Childhood and Marriage. *Marriage and Family Review*, 37(3), 5-26.
- Solomon, M. F. (2009). Attachment Repair in Couples Therapy: A Prototype for Treatment of Intimate Relationships. *Clinical Social Work Journal*, 37(3), 214-223.
- Stackert, R. A. og Bursik, K. (2003). Why am I unsatisfied? Adult attachment style, gendered irrational relationship beliefs, and young adult romantic relationship satisfaction. *Personality and Individual Differences*, 34(8), 1419-1429.
- Streeck-Fischer, A., og van der Kolk, B. A. (2000). Down will come baby, cradle and all: Diagnostic and therapeutic implications of chronic trauma on child development. *The Australian and New Zealand Journal of Psychiatry*, 34(6), 903-918.
- Sæunn Kjartansdóttir. (2009). *Árin sem enginn man: Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Reykjavík: Mál og menning.
- Wade, C. og Tavris, C. (2011). *Psychology* (10. útgáfa). London: Prentice Hall.
- Wilkins, D. (2012). Disorganised attachment indicates child maltreatment: How is this link useful for child protection social workers? *Journal of social work Practice*, 26(1), 15-30.